



HUGSUM SMÁTT
- LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI -

UMBROT OG HÖNNUN:
FROSTI ÓLAFSSON

HUGSUM SMÁTT

- LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI -

RITSTJÓRN:

Davíð S. Davíðsson Finnur Oddsson

Frosti Ólafsson
Haraldur I. Birgisson

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
KRINGLAN 7
103 REYKJAVÍK
ÍSLAND

JÚNÍ 2009

ISBN: 978-9979-9916-1-9

RIT ÞETTA MÁ AÐEINS AFRITA MEÐ
LEYFI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	6
FYRRI HLUTI: LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI Á ÍSLANDI	8
SAMANTEKT	9
HVAÐ ERU LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI?	10
FJÖLDI LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA	11
UPPISTAÐA ALLRA ATVINNUGREINA	13
STÆRSTI VINNUVEITANDINN	16
MIKIL VERÐMÆTASKÖPUN	17
MARGT SMÁTT GERIR EITT STÓRT	18

SEINNI HLUTI: REKSTRARUMHVERFI LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA	19
SAMANTEKT	20
FJÁRMÖGNUNARUMHVERFIÐ	23
ÍSLENSKIR BANKAR EINI KOSTURINN	24
BETRI RAUNVAXTAKJÖR	24
POLINMÓTT FJÁRMAGN EKKI Í BOÐI	25
BETRI TÍMAR FRAMUNDAN	25
BOX: VIÐHORF TIL ATVINNULÍFSINS	26
UMHVERFI TIL NÝSKÖPUNAR	27
MIKILVÆGT AÐ STANDA VÖRÐ UM NÝSKÖPUN	28
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	28
HAGNÝTING OG VARÐVEISLA ÞEKKINGAR	29
MÁLEFNASAMNINGUR LOFAR GÓÐU	30
GJALDEYRIS- OG PENINGAMÁL	31
EFNAHAGSLEG FJÖLBREYTNÍ	31
ÁKVÖRÐUN BIÐUR NÝRRAR RÍKISSTJÓRNAR	32
SKATTAUMHVERFIÐ	33
FORÐAST BER SKATTAHÆKKANIR	34
SKATTKERFIÐ ÞARF AÐ VERA HVETJANDI	34
LAGA- OG REGLUGERÐARUMHVERFIÐ	35
SKILVIRKNI OG GAGNSÆI	36
UMSVIF HINS OPINBERA	36
SKÝR EIGENDASTEFNA	37
HUGA BER AÐ SMÆRRI FYRIRTÆKJUM	37
BOX: VERKASKIPTING RÍKIS OG EINKAABILA	38

INNGANGUR

Margt smátt gerir eitt stórt er orðatiltæki sem flestir þekkja. Það á sannarlega við um lítil og meðalstór fyrirtæki en samanlagt eru þau stærsti vinnuveitandi landsins og því burðarás í íslensku atvinnulífi. Þannig eru ríflega 99% allra starfandi fyrirtækja hér á landi lítil eða meðalstór og ætla má að fjöldi þeirra nemi á þriðja tug þúsunda. Hér er um fjölbreytta flóru fyrirtækja að ræða sem stendur undir drjúgum hluta innlendar verðmætasköpunar. Þrátt fyrir það fer almennt lítið fyrir þessum fyrirtækjum í umræðu um atvinnu- og viðskiptalífið hér á landi, sem gjarnan markast af umfjöllun um stærri fyrirtæki.

Í því endurreisnarstarfi sem framundan liggur er gjarnan fjallað um stór og þjóðahagslega mikilvæg fyrirtæki og lagðar til leiðir að því hvernig tryggja megi áframhaldandi starfsemi þeirra. Áhersla á stóru fyrirtækin er auðvitað mikilvæg en e.t.v. ekki í samræmi við hlutfallslegt vægi þeirra á Íslandi. Stjórnmalamenn og aðrir álitsgjafar ættu því að setja aukinn kraft í mótun heildarlausna sem gætu orðið öllum fyrirtækjum í landinu, óháð stærð, til bóta og aukið líkurnar á því að sem flest þeirra komist heilu á höldnu í gegnum þær efnahagshremmingar sem nú ríða yfir. Þannig er unnt að tryggja atvinnustig og verja velferð íslenskra heimila.

8

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru stærsti vinnuveitandinn á Íslandi og því er þjóðhagslegt mikilvægi þeirra ótvírætt. Það er því ekki úr vegi að kalla eftir hugarfarsbreytingu gagnvart íslensku viðskiptalífi á þá leið að litlum og meðalstörum fyrirtækjum verði gert hærra undir höfði en verið hefur. Þetta felur í sér að ytra umhverfi til fyrirtækjareksturs hér á landi verði eftt og aðlagð frekar að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Með þessum hætti er fyrirtækjum af þessari stærð veittur mikilvægur stuðningur við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu. Þar með er stutt við skjótari endurreisn hagkerfisins auk þess sem grunnur er lagður að fjölbreyttara atvinnulífi til lengri tíma lítið. Með vitundarvakningu af þessu tagi er ekki gert lítið úr mikilvægi stórra fyrirtækja, því eitt sinn voru þau öll smá. Að sama skapi ætti ekki að reynast torsótt að móta umhverfið út frá sameiginlegum hagsmunum þar sem einfalt, skilvirkt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi er öllum fyrirtækjum til góða, óháð stærð og eðli starfseminnar.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru burðarás í evrópsku atvinnulífi rétt eins og á Íslandi og því hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla slík fyrirtæki innan Evrópusambandsins (ESB). Mikilvægur liður í þeirri vinnu er áætlun undir heitinu „Think small first“, sem miðar að því að tryggja litlum og meðalstörum fyrirtækjum eins gott rekstrarumhverfi og kostur er. Í raun er þetta einskonar vitundarvakning sem miðar að því að allar ákvarðanir og ráðstafanir til handa viðskiptalífinu almennt, einkum ákvarðanir sem lúta að löggjöf og regluverki, séu teknar með þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja að leiðarljósi. Hér er um að ræða mikilvæga viðleitni til að hlúa að smærri fyrirtækjum.

Full ástæða er til að stjórnámálemenn hér á landi rækti með sér svipað hugarfar. Áður en ráðist er í breytingar á lögum og reglum um viðskipti ætti fyrsta spurningin ávallt að vera eftirfarandi: Hvaða áhrif kemur þessi breyting til með að hafa á rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja? Það vill gjarnan gleymast í umfjöllun um verslun og viðskipti að lítil og meðalstór fyrirtæki eru uppistaðan í atvinnulífinu og því er sjálfsagt að ákvarðanir sem lúta að ytra umhverfi til viðskipta og reksturs séu teknar með þeirra hagsmuni að leiðarljósi. Líklegt má telja að þessi þankagangur hafi ekki alltaf viðgengist hér á landi - ekki frekar en í Evrópu - og því ljóst að ytri umgjörð til fyrirtækjareksturs hér á landi, einkum laga- og reglugerðarumhverfið, getur reynst smærri fyrirtækjum þungt í vöfum. Þessu er unnt að breyta með víðtæku átaki um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hérlandis í anda „*Think small first*“ áætlunarinnar í Evrópu.

Með þessari skýrslu og málþingi um lítil og meðalstór fyrirtæki vonast Viðskiptaráð Íslands til þess að grunnur verði lagður að álíka vitundarvakningu um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi og hefur átt sér stað í Evrópu undanfarin ár. Viðskiptaráð hefur í þessu sambandi hafið samstarf við ESBA-samtökin (European Small Business Alliance), sem eru ein stærstu og öflugustu samtök smærri fyrirtækja í Evrópu. Þau hafa meðal annars barist hart fyrir „*Think small first*“ áætluninni sem og bættu starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Tímasetningin er einnig mikilvæg, en nú hafa hátt í 30 nýir þingmenn tekið sæti á Alþingi. Það er því kjörið tækifæri til að hrinda af stað þessu verkefni og hvetja nýja alþingismenn til þess að *hugsa smátt!*

Skýrslunni er skipt í tvo meginhluta. Í þeim fyrri er að finna tölfræðilegt yfirlit og stutta umfjöllun um þjóðhagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í íslensku efnahagslífi. Í seinni hlutanum er stiklað á stóru um þætti í rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Næstu misserin mun Viðskiptaráð leggja í frekari vinnu að rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Viðskiptaráð lagði drög að þessari vinnu á síðasta ári þegar ráðið stofnaði sérstakan ráðgjafahóp um lítil og meðalstór fyrirtæki sem í sitja fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem einnig eru aðildarfélagar ráðsins. Hópurinn hefur fundað nokkrum sinnum og þakkar Viðskiptaráð samstarfið sem hefur gefið góða raun. Sérstakar þakkir eru færðar þeim Boga Erni Emilssyni, Jóni Diðriki Jónssyni og Rósbjörgu Jónsdóttur, sem öll eiga sæti í ráðgjafahópnum, fyrir hugleiðingar þeirra og gagnlegar ábendingar í aðdraganda málþingsins um lítil og meðalstór fyrirtæki og útgáfu skýrslu þessarar. Loks eru þeim Gústaf Sigurðssyni og Christinu Sommer hjá ESBA-samtökunum færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

FYRRI HLUTI: LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Samantekt

Í fyrri hluta skýrslunnar gefur að líta tölfræðilega samantekt á íslensku atvinnulífi með tilliti til stærðar fyrirtækja. Markmiðið er að varpa ljósi á efnahagslegt mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Niðurstöðurnar byggja að mestu á útreikningum og áætlunum Viðskiptaráðs Íslands, sem aftur byggja á gögnum Hagstofu Íslands, Hagstofu Evrópusambandsins og fleiri aðila. Niðurstöðurnar byggja ekki eingöngu á tölulegum gögnum frá opinberum aðilum, enda ítarleg gögn um þessi atriði ekki fyrir hendi hér á landi. Engu að síður er það trú Viðskiptaráðs að niðurstöðurnar gefi góða mynd af íslensku atvinnulífi í dag.

- » Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna lykilhlutverki í atvinnulífinu, bæði á Íslandi og í öðrum ríkjum Evrópu.
- » Lítil og meðalstór fyrirtæki (allt að 250 starfsmenn) eru um 99% af fjölda allra starfandi fyrirtækja á Íslandi. Þar af eru örfyrirtæki (<10 starfsmenn) flest eða rúmlega 90% allra fyrirtækja. Lítil fyrirtæki (10-50 starfsmenn) eru um 7% allra fyrirtækja. Meðalstór fyrirtæki (50-250 starfsmenn) eru tæplega 2% allra fyrirtækja.
- » Áætla má að á bilinu 25-27 þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki séu starfrækt hérlandis. Þar af eru örfyrirtæki á bilinu 22-23 þúsund.
- » Lítil og meðalstór fyrirtæki eru í miklum meirihluta á öllum sviðum atvinnulífsins. Hlutfall þeirra er almennt hærra í þjónustugreinum en lægra í greinum sem útheimta mikla fjárfestingu í fjármunum, t.d. framleiðslu og iðnaði.
- » Lítil og meðalstór fyrirtæki eru stærsti vinnuveitandinn á Íslandi. Upp undir helmingur launafólks, eða á bilinu 80-90 þúsund manns, starfar hjá litlum og meðalstórum einkafyrirtækjum. Þar af má áætla að um helmingur eða í kringum 40 þúsund manns starfi hjá örfyrirtækjum. Aðrir dreifast tiltölulega jafnt á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- » Lítil og meðalstór fyrirtæki skapa mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið, en hlutdeild þeirra í innlendra verðmætasköpun reiknast þó ívið lægri en hlutfallsleg umsvif þeirra á vinnumarkaði. Þetta má rekja til lægri meðalframleiðni vinnuafis í litlum og meðalstórum fyrirtækjum en stórfyrirtækjum.
- » Efnahagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ríkjum ESB er áþekkt því sem gerist hér á landi og ljóst að þau eru uppistaðan í atvinnulífi allra aðildarríkja sambandsins.

Hvað eru lítil og meðalstór fyrirtæki?

Skilgreining ESB á litlum og meðalstórum fyrirtækjum tekur mið af starfsmannafjölda, veltu og/eða efnahag. Þannig er fyrirtæki flokkað sem lítið eða meðalstórt ef fjöldi starfsmanna er undir 250 (mælt í ársverkum), ef ársvelta þess er undir 50 milljónum evra eða ef efnahagsreikningurinn er undir 43 milljónum evra. Þá eru einnig sett ýmis viðmið um fjárhagsleg tengsl á milli fyrirtækja, en ef þess háttar tengsl á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja eru mikil getur það komið í veg fyrir að þau teljist lítil eða meðalstór. Einnig kemur til greina að flokka fyrirtæki eftir markaðsvirði en þar sem flest smærri fyrirtæki eru óskráð er almennt ekki raunhæft að beita því viðmiði við stærðarflokkun þeirra.

Í skilgreiningu ESB er litlum og meðalstórum fyrirtækjum skipað í þrjá undirflokka: örfyrirtæki, lítil fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki. Örfyrirtæki hafa færri en 10 starfsmenn og árlega veltu eða efnahag undir 2 milljónum evra. Lítil fyrirtæki hafa innan við 50 starfsmenn og veltu eða efnahag undir 10 milljónum evra. Meðalstór fyrirtæki hafa allt að 250 starfsmenn og árlega veltu undir 50 milljónum evra eða heildareignir undir 43 milljónum evra. Þessi fjárhagslegu viðmið eru uppfærð reglulega, nú síðast árið 2006, í takt við verðlags- og framleiðnibreytingar sem og almenna þróun atvinnulífsins. Fyrstu tveimur hópunum, örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum, er gjarnan skeytt saman í einn og þau kölluð lítil fyrirtæki. Aftur á móti er full ástæða til að aðgreina örfyrirtæki og lítil fyrirtæki þar sem þau fyrrnefndu gegna sérstaklega veigamiklu hlutverki í efnahagslífinu sem farvegur nýsköpunar, þróunar og frumkvöðlastarfs.

Í þessari skýrslu byggir flokkun fyrirtækja einkum á starfsmannafjölda þar sem gögn um veltu og heildareignir fyrirtækja eru síður aðgengileg. Þetta ætti þó ekki að koma að sök þar sem fylgni á milli starfsmannafjölda, veltu og stærðar efnahags er almennt sterk. Í einhverjum tilfellum getur komið fyrir að fyrirtæki á Íslandi lendi í öðrum stærðarflokki en það myndi gera samkvæmt flokkun ESB, en þau tilfelli eru fá og auk þess má reikna með að þau dreifi sér jafnt yfir alla stærðarflokka. Munurinn ætti því ekki að skekkja samanburð á milli Íslands og annarra ríkja Evrópu með marktækum hætti.

MYND 1
SKILGREINING ESB Á
LITLUM OG MEÐALSTÓRUM
FYRIRTÆKJUM

Fyrirtækja- flokkur	Fjöldi starfsmanna	Árleg velta	Efnahags- reikningur
Meðalstórt fyrirtæki	< 250	≤ €50 m	≤ €43 m
Lítið fyrirtæki	< 50	≤ €10 m	≤ €10 m
Örfyrirtæki	< 10	≤ €2 m	≤ €2 m

Samkvæmt skilgreiningu ESB er yfirgnæfandi meirihluti íslenskra fyrirtækja lítil eða meðalstór og gildir hið sama innan aðildarríkja ESB. Atvinnulífið samanstendur því að miklu leyti af litlum og meðalstörum fyrirtækjum og því ljóst að allar aðgerðir eða ráðstafanir sem ætlað er að hafa áhrif á rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja hafa mikil áhrif á atvinnulífið í heild. Umfjöllun um rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja er því óbeint umfjöllun um rekstrarumhverfi flestra einkafyrirtækja í landinu og um viðskipta- og atvinnulífið almennt, enda tiltölulega fá fyrirtæki sem ekki teljast lítil eða meðalstór.

Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Líkt og áður segir taka gögn um fjölda fyrirtækja eftir stærð hér á landi eingöngu mið af starfsmannafjölda. Tölur um fjölda fyrirtækja eftir stærð innan ESB taka aftur á móti mið af fjölda starfsmanna og ársveltu/efnahag. Einnig skal bent á að innlend gögn taka ekki eingöngu til starfandi einkafyrirtækja heldur allra starfandi fyrirtækja eða launagreiðenda. Þetta felur í sér að stofnanir og vinnustaðir sem ekki eru einkafyrirtæki, til að mynda stofnanir og fyrirtæki á vegum hins opinbera, eru talin með í gögnunum.


Ekki er ástæða til að ætla að þetta atriði hafi marktæk áhrif á hlutfallslega stærðarskiptingu fyrirtækja í landinu enda má reikna með að félög önnur en einkafyrirtæki dreifi sér nokkuð jafnt á milli stærðarflokka. Auk þess má leiðrétta fyrir þessu með því að horfa framhjá þeim atvinnugreinum þar sem umsvif hins opinbera eru mest. Þá raðar Hagstofa Íslands fyrirtækjum í fleiri undirflokka en flokkunarkerfi ESB gerir ráð fyrir, en þó er lítið mál að umbreyta gögnum Hagstofunnar þannig að þau samræmist gögnum ESB hvað þetta atriði varðar.^{1a}

TAFLA 1: FLOKKUN HAGSTOFU ÍSLANDS OG ESB

Flokkar Hagstofu Íslands Starfsmannafjöldi	Flokkar Hagstofu ESB Starfsmannafjöldi	Fyrirtæki
1 2 - 9	<10	Örfyrirtæki
10 - 19 20 - 49	10-49	Lítill fyrirtæki
50 - 99 100 - 249	50-249	Meðalstór fyrirtæki
>249	>249	Stórfyrirtæki


^{1a} Nýjustu nákvæmu tölur um fjölda fyrirtækja eftir stærð á Íslandi og innan Evrópusambandsins eru til frá árinu 2005. Þegar lítið er yfir lengri tímabil má sjá að fjöldi fyrirtækja eftir stærð, sem hlutfall af heildarfjölda fyrirtækja, bæði á Íslandi og meðal ríkja ESB, hefur lítið breyst og því ættu tölurnar frá 2005 að gefa ágæta mynd af hlutfallslegri skiptingu fyrirtækja með tilliti til stærðar. Vitanlega hefur fyrirtækjum fjölgað að tölu á tímabilinu en hlutfallsleg stærðarskipting hefur að öllum líkindum haldið sér.

Samkvæmt flokkunarkerfi Hagstofunnar sést glöggst að minnstu fyrirtækin, þau sem hafa aðeins einn starfsmann, eru flest hér á landi, eða tæplega 60% allra fyrirtækja. Hluttur örfyrirtækja í heild, það er fyrirtækja með annað hvort einn starfsmann eða 2-10 starfsmenn er ríflega 90%. Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.e. fjölda fyrirtækja með allt að 250 starfsmenn, er um og yfir 99% og því ljóst að þessi flokkur fyrirtækja gegnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku efnahagslífi.



Ef stærðarflokkun ESB er beitt við flokkun innlendra fyrirtækja, það er félögum raðað í fjóra hópa í stað sjö, sést glöggst að nær öll fyrirtæki á Íslandi, eða rúmlega 99%, teljast lítil og meðalstór. Þar vegur hluttur örfyrirtækja (1-10 starfsmenn) þýngst en þau eru um 91% allra fyrirtækja á landinu. Næst á eftir koma lítil fyrirtæki (10-50 starfsmenn) sem eru um 7% allra félaga og loks meðalstór fyrirtæki (50-250 starfsmenn) sem eru á annað prósent allra félaga. Stórfyrirtæki (< 250 starfsmenn) eru einungis lítið brot af heildarfjölda fyrirtækja eða innan við hálf prósent.

Samkvæmt þessu má áætla að á bilinu 25-27 þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki séu starfrækt hér á landi í dag. Það er yfirgnæfandi meirihluti allra innlendra fyrirtækja með virka starfsemi, en þau eru innan við 30 þúsund í það heila. Ennfremur má áætla að fjöldi örfyrirtækja hér á landi liggi einhvers staðar á bilinu 22-23 þúsund og fjöldi lítilla fyrirtækja á bilinu 2-3 þúsund.^{1b}



^{1b} Í það heila eru skráð fyrirtæki á Íslandi mun fleiri, eða hátt í 60 þúsund í árslok 2008, en í samantekt þessari er eingöngu tekið tillit til fyrirtækja með virka starfsemi, sem þýðir t.a.m. að eignarhaldsfélög og önnur fyrirtæki sem ekki eru með virka starfsemi eru undanskilin.

Skiptingu fyrirtækja eftir stærð hér á landi svipar mjög til þess sem gengur og gerist í öðrum ríkjum Evrópu, en innan ESB flokkast nær öll einkafyrirtæki sem lítil og meðalstór. Að tölu er fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ríkjum sambandsins áætlaður um 20 milljónir. Þar er hlutur örfyrirtækja stærstur líkt og hér á landi eða tæplega 92%, lítil fyrirtæki eru um 7% og meðalstór um 1,4%. Stórfyrirtæki eru hlutfallslega fá eða rétt ríflega 0,2%. Það er því sáralítill munur á hlutfallslegum fjölda fyrirtækja eftir stærð á Íslandi og í öðrum þjóðum Evrópu.

Uppistaða allra atvinnugreina

Ef lítið er á fjölda fyrirtækja í mismunandi greinum atvinnulífsins kemur í ljós að lítil og meðalstór fyrirtæki eru í miklum meirihluta í öllum atvinnugreinum eða um og yfir 99%, nema í þeim greinum þar sem hið opinbera er í umsvifamikið en þar er hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja gjarnan lægra. Aftur á móti er talsverður munur á því hvernig fyrirtæki skiptast í ör-, lítil og meðalstór fyrirtæki innan mismunandi atvinnugreina. Örfyrirtækin eru til að mynda færri í framleiðslu- og iðngreinum á meðan þau eru fleiri í þjónustu- og verktakagreinum. Þá eru örfyrirtækin hlutfallslega fæst í þeim greinum þar sem hið opinbera er í aðalhlutverki, t.d. í opinberri stjórnsýslu og almannaðþjónustu, sem bendir til þess að stofnanir hins opinbera og félög þess séu gjarnan stærri vinnustaðir en gengur og gerist í einkageiranum. Athygli vekur að hvergi er hlutfall örfyrirtækja hærra en í landbúnaði, en þar telst yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja til örfyrirtækja.


Í sumum atvinnugreinum, einkum þeim sem útheimta mikla fjárfestingu í fastafjármunum, getur verið hagkvæmara að reka stærri fyrirtæki en minni. Tölur um fjölda fyrirtækja eftir atvinnugreinum endurspeglar þetta stærðarhagræði ágætlega. Í iðnaði eru til að mynda færri örfyrirtæki en í mörgum öðrum greinum, enda krefst iðnaður gjarnan mikillar fjárfestingar í fastafjármunum á borð við verksmiðjuhúsnæði og framleiðsluvélar. Aftur á móti er hlutfall örfyrirtækja almennt hærra í þjónustugreinum þar sem stærðarhagræði er ekki eins þýðingarmikið.

15

Einnig er upplýsandi að skipta stærð fyrirtækja innan mismunandi atvinnugreina í fleiri flokka en stærðaflokkun ESB gerir ráð fyrir. Sá samanburður leiðir í ljós að mikill munur er á gerð örfyrirtækja innan atvinnugreina, þ.e.a.s. fjölda fyrirtækja með einn starfsmann annars vegar og 2-10 starfsmenn hins vegar. Einyrkjar eru hlutfallslega flestir í þjónustugreinum en hlutfallslega fæstir í atvinnugreinum sem útheimta fjárfestingu í fastafjármunum, til að mynda iðnaði og framleiðslugreinum. Þessi samanburður dregur aftur fram þýðingu stærðarhagræðis í mismunandi greinum atvinnulífsins.


Sambærilegar tölur fyrir Evrópu leiða í ljós svipaða skiptingu á stærð fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Hlutfallslegur fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja er nokkuð jafn á milli atvinnugreina innan ESB en skiptingin á milli ör-, lítilla og meðalstórra fyrirtækja er nokkuð breytileg líkt og hér á landi. Þannig eru smærri fyrirtæki hlutfallslega fleiri í þjónustugreinum á meðan hlutfall þeirra er almennt lægra í iðnaði og öðrum framleiðslugreinum. Í raun er sáralítill munur á fyrirtækjaumhverfinu á Íslandi og í Evrópu að þessu leyti og ljóst að lítil og meðalstór fyrirtæki eru uppistaðan í fyrirtækjaflóru allra atvinnugreina, bæði hér á landi og í ríkjum Evrópu.

MYND 4: HLUTFALLSLEG STÆRÐ FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREINUM Á ÍSLANDI (FLOKKUN ESB)



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VÍ


MYND 5: HLUTFALLSLEG STÆRÐ FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREINUM Á ÍSLANDI (FLOKKUN HAGSTOFU)



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VÍ

Stærsti vinnuveitandinn

Með hliðsjón af upplýsingum frá Hagstofunni má áætla að upp undir tveir þriðju allra starfsmanna á innlendum vinnumarkaði starfi hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Skiptingin á milli ör-, lítilla og meðalstórra fyrirtækja er á þá leið að rúmlega fjórðungur innlendra aðila starfar hjá örfyrirtækjum og um 20% hjá bæði litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Tæpur þriðjungur starfar hjá stærri fyrirtækjum. Þó skal hafa í huga að í tölurnar miðast við starfsmannafjölda, en ekki fjölda ársverka, og því er eitthvað um tvítalningu í gögnunum þar sem sumir einstaklingar starfa hjá fleiri en einum aðila. Þessi ágalli ætti þó ekki að koma að sök þar sem áhrif tvítalningarinnar jafnast að mestu út yfir mismunandi flokka.



18

Ekki er unnt að nálgast gögn sem taka eingöngu til einkafyrirtækja, en ef leiðrétt er fyrir þeim atvinnugreinum þar sem umsvif hins opinbera eru mest (opinber stjórnsýsla, almannatryggingar, heilbrigðis- og félagsþjónusta o.fl.) og höfð er hliðsjón af þeirri staðreynd að vinnustaðir á vegum hins opinbera eru almennt stærri en gengur og gerist í einkageiranum, reiknast hlutfall þeirra sem starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum innan einkageirans nær því að vera 75%. Það er ívið hærra hlutfall en ef ekki er gerður greinarmunur á einkarekstri og opinberum rekstri. Hér á landi starfar um 70% launafólks í einkageiranum og því má áætla að lítill og meðalstór einkafyrirtæki veiti hátt í helmingi starfandi einstaklinga atvinnu.

Þetta þýðir að í dag má áætla að á bilinu 80-90 þúsund manns starfi hjá litlum og meðalstórum einkafyrirtækjum í landinu, en það er sem fyrr segir nær helmingur alls launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Af þessum fjölda má áætla að hátt í helmingurinn, eða um og yfir 40 þúsund starfi hjá örfyrirtækjum en hinir dreifast nokkuð jafnt á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Af þessu má vera ljóst að lítill og meðalstór einkafyrirtæki eru stærsti vinnuveitandi landsins og gegna sem slík lykilhlutverki á íslenskum vinnumarkaði.

Í ríkjum Evrópu er vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á almennum vinnumarkaði áþekkt því sem gerist hér á landi. Þannig eru ríflega tveir þriðju allra starfa í einkageiranum innan ESB störf hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og tæpur þriðjungur starfa eru hjá stórfyrirtækjum. Skiptingin á milli ör-, lítilla og meðalstórra fyrirtækja er á þann

veg að tæplega helmingur allra starfsmanna í einkageiranum starfar hjá örfyrirtækjum, tæplega 21% hjá litlum fyrirtækjum og rúmlega 16% hjá meðalstórum fyrirtækjum.


Í ljósi þess að rúmlega tveir þriðju allra starfa innan ESB eru innan einkageirans er ljóst að lítil og meðalstór einkafyrirtæki hafa líka gríðarlegt efnahagslegt vægi á vinnumörkuðum Evrópuríkja rétt eins og hér á landi. Gera má ráð fyrir að um 40% af vinnuafli Evrópuríkja starfi hjá litlum og meðalstórum einkafyrirtækjum, sem gera um 85 milljónir manna. Þetta hlutfall virðist þó ívið lægra en á Íslandi en það er engu að síður hátt. Auk þess sýna rannsóknir á evrópskum vinnumarkaði að lítil og meðalstór fyrirtæki skapa um 80% allra nýrra starfa í Evrópu. Svipað er uppi á teningnum vestur í Bandaríkjunum. Efnahagslegt mikilvægi fyrirtækja af þessari stærð er því ótvírætt bæði á hér á landi og annars staðar.

Mikil verðmætasköpun

Miðað við það hlutfall vinnuaflsins sem starfar hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum er ljóst að þessi fyrirtæki skapa mikil verðmæti fyrir þjóðarþúið. Aftur á móti bendir flest til þess að hlutfallslegt vægi þeirra í verðmætasköpun sé ívið lægra en vægi þeirra á vinnumarkaði, a.m.k. ef framlag þeirra er áætlað úr frá þjóðhagsreikningum. Þetta þarf ekki að koma á óvart enda er framleiðni vinnuafls gjarnan meiri í stærri fyrirtækjum en þeim smærri. Ástæðan er einkum sú að stærri fyrirtæki búa að öllu jöfnu yfir meira fjármagni, t.d. verksmiðjum og vélum, sem á ekki síður þátt í verðmætasköpuninni en starfsfólkið.

Hagstofa ESB hefur reiknað þetta nákvæmlega út fyrir aðildarríki sambandsins. Þeir útreikningar staðfesta að hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verðmætasköpun er nokkuð lægri en hlutfallsleg umsvif þeirra á vinnumarkaði. Þannig starfa um tveir þriðju launþega í ríkjum Evrópu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum á meðan hlutur þeirra í heildarverðmætasköpun eða virðisauka reiknast nokkuð lægri, eða tæp 60%. Ástæðuna má rekja til þess, líkt og nefnt er hér að ofan, að framleiðni vinnuafls í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er nokkuð lægri en framleiðni í stórum fyrirtækjum.

19



MYND 7
VERÐMÆTASKÖPUN EFTIR
STÆRÐ FYRIRTÆKJA INNAN
ESB

Heimild: Eurostat

Útreikningar Hagstofu ESB endurspeglar vel hvernig framleiðni vinnuafls vex með stærð fyrirtækja. Þannig er framleiðni starfsmanna lægst í örfyrirtækjum eða tæplega 30 þús.

evrur á ári, næst koma lítil fyrirtæki þar sem framleiðni er um 39 þús. evrur, þar á eftir meðalstór fyrirtæki með framleiðni upp á tæpar 45 þús. evrur og loks stórfyrirtæki þar sem framleiðnin er mest eða ríflega 54 þús evrur.

Það er engu að síður ljóst að þessi fyrirtæki standa undir drjúgum hluta verðmætasköpunar í það heila. Það er einkum í þessum fyrirtækjum sem nýsköpun á sér stað og því auka lítil og meðalstór fyrirtæki efnahagslega fjölbreytni til lengri tíma lítið. Þau gegna þannig lykilhlutverki í uppbyggingu og þróun nýrra atvinnugreina og skjóta þar með fleiri stoðum undir vöxt hagkerfisins til lengri tíma. Erfitt að er að koma tölu á þau verðmæti sem felast í þessu hlutverki lítilla og meðalstórra fyrirtækja en ljóst er að þau eru mikil. Í þessu sambandi er ágætt að endurtaka þá staðreynd að flest fyrirtæki eiga það sameiginlegt að hafa eitt sinn verið smá.

Margt smátt gerir eitt stórt

Lítill og meðalstór fyrirtæki gegna lykilhlutverki í öllum greinum atvinnulífsins, hvort sem lítið er til fjölda þeirra, umsvifa á vinnumarkaði eða hlutdeildar í verðmætasköpun. Þau skapa jafnframt flest ný störf og eru atkvæðamikil á vettvangi nýsköpunar og efnahagslegrar endurnýjunar. Í þeim felast vaxtamöguleikar íslenska hagkerfisins til lengri tíma lítið og þau munu gegna veigamiklu hlutverki í því endurreisnarstarfi sem framundan er.

20

Saman eru lítill og meðalstór fyrirtæki stærsti vinnuveitandi landsins og því ljóst að íslenskur almenningur á mikið undir þessum fyrirtækjum. Efnahagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja er raunar slíkt að segja má að velferð þjóðarinnar standi og falli með þeim. Það er því skylda íslenskra yfirvalda gagnvart heimilunum í landinu að litlum og meðalstórum fyrirtækjum verði sköpuð eins hagfelld rekstrarskilyrði og kostur er. Stjórnvöld verða jafnframt að sýna skýran vilja til að koma til móts við smærri fyrirtæki við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu, enda verður engin endurreisn án þeirra.

**SEINNI HLUTI:
REKSTRARUMHVERFI
LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA
FYRIRTÆKJA**

Samantekt

Í seinni hluta skýrslunnar er stiklað á stóru um nokkra mikilvæga þætti í rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Um er að ræða fjármögnunarumhverfið, nýsköpunarumhverfið, gjaldeyris- og peningamál, skattaumhverfið, laga- og reglugerðarumhverfið og almenn umsvif hins opinbera. Umfjöllunin er á engan hátt tæmandi og ber einkum að líta á sem almenna umfjöllun um helstu þætti og ögranir í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi í dag. Við val á efnistöðum var tekið mið af hugmyndum ráðgjafanefndar Viðskiptaráðs Íslands um lítil og meðalstór fyrirtæki sem og niðurstöðum nýlegrar könnunar sem Viðskiptaráð framkvæmdi meðal aðildarfélaga sinna, sem að megninu til eru fyrirtæki af þessari stærð.

Fjármögnunarumhverfið:

- » Takmarkað aðgengi að fjármagni er mikil hindrun í rekstri smærri fyrirtækja.
- » Lítil og meðalstór fyrirtæki þurfa einkum að reiða sig á styrkleika innlenda bankakerfisins þegar kemur að fjármögnun og annarri fjármálaþjónustu á meðan stærri fyrirtæki standa gjarnan frammi fyrir fleiri möguleikum.
- » Vísbendingar eru um að framboð lánsfjár sé til staðar innan nýja bankakerfisins en eftirspurn er afar takmörkuð á meðan vaxtakjör eru eins lök og raun ber vitni. Lækka þarf vexti umtalsvert til viðbótar við þær lækkanir sem þegar hefur verið ráðist í til að vaxtakjör á innlendu lánsfé verði ásættanleg.
- » Á meðan háir vextir fást á innstæðureikningum án nokkurrar áhættu er ekki að undra að fáir vilji leggja fé í fyrirtæki, hvað þá við þær aðstæður sem nú ríkja í atvinnulífínu.

Umhverfi til nýsköpunar:

- » Hér á landi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru lítil og meðalstór fyrirtæki uppspretta nýsköpunar og efnahagslegrar endurnýjunar. Til að viðhalda kröftugu nýsköpunarstarfi hér á landi er nauðsynlegt að viðhalda öfluggu rannsóknar- og þróunarstarfi, bæði innan fyrirtækja og annarra rannsóknarstofnana.
- » Mikilvægt er að skapa umhverfi sem gerir fyrirtækjum kleift að umbreyta nýjum hugmyndum og nýrri þekkingu í áþreifanleg markaðsverðmæti með skilvirkum hætti. Ýmislegt bendir til þess að rannsóknar- og þróunarstarf hér á landi skili enn ekki eins miklum efnahagslegum ábata og æskilegt væri, þó þróunin sé í rétta átt.
- » Ný ríkisstjórn hefur lagt til úrbætur á umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja með lagfæringu á skattalögum til að þess ívilna megi rannsóknar- og þróunarstarfi. Auk þess eru uppi áform um skattaafslætti í tengslum við fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Gjaldeyris- og peningamál:

- » Fyrirkomulag gjaldeyrismála hefur um langa hríð verið mikil hindrun í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi og ljóst að rekstrarumhverfi þeirra verður ekki samkeppnishæft fyrr en gjaldeyris- og peningamál þjóðarinnar hafa verið tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.
- » Íslenska krónan hefur lagt mikinn aukakostnað á íslensk fyrirtæki. Kostnaður við að verja gengisáættu hefur verið gríðarlegur undanfarin ár.
- » Ef farin verður sú leið að halda íslensku krónunni og viðhalda sjálfstæðri peningamálastefnu má leiða líkur að því að fjölbreytni í íslensku efnahagslífi verði minni en ella og að atvinnulífið muni í auknum mæli verða bundið við fáar grunnstoðir.
- » Með upptöku annarrar myntar aukast líkur á fjölbreyttu atvinnulífi til viðbótar við gömlu grunnstoðirnar sem byggja á nýtingu náttúruauðlinda. Þar með aukast möguleikar til sköpunar nýrra starfa fyrir Íslendinga og vaxtarmöguleikar hagkerfisins margfaldast.

Skattaumhverfið:

- » Lítil og meðalstór fyrirtæki hér á landi búa við frekar hagfellt skattaumhverfi í samanburði við það sem gengur og gerist í öðrum löndum.
- » Hækkun skatta myndi draga úr arðsemi þess að eiga og reka fyrirtæki og þar með hamla flæði fjármagns inn í atvinnulífið. Auknar álögur á fyrirtæki gætu því tafið endurreisnarstarfið.
- » Hætt er við að skattahækkanir leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Áhrif skattahækkanna gætu því allt eins orðið þveröfug við það sem lagt er upp með.
- » Við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu er ástæða til að kanna sértækar og jafnvel tímabundnar breytingar á skattkerfinu sem væru til þess fallnar að styðja sérstaklega við lítil og meðalstór fyrirtæki og efla nýsköpunarstarf.

Laga- og reglugerðarumhverfið:

- » Ein af forsendum þess að að lítil og meðalstór fyrirtæki geti blómstrað og að heilbriggt og fjölbreytt viðskiptalíf fái þrífist er að löggjöf og regluverk á þessu sviði séu traust og skilvirk og íþyngi ekki rekstri fyrirtækja að óþörfu.
- » Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu er tilhneiging til að rekja núverandi stöðu hagkerfisins til skorts á lögum og reglum.
- » Viðameiri löggjöf og strangari reglur héraðs munu ekki koma í veg fyrir efnahagskreppur í framtíðinni og þess háttar ráðstafanir eru ekki líklegar til að stuðla að fjölbreyttara og traustara atvinnulífi í framtíðinni.
- » Áður en ráðist er í breytingar á lögum og reglum um viðskipti ætti fyrsta spurningin ávallt að vera eftirfarandi: Hvaða áhrif kemur þessi breyting til með að hafa á rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja?
- » Ytri umgjörð til fyrirtækjareksturs hér á landi, einkum laga- og reglugerðarumhverfið, þarf að taka betur mið af þörfum og starfsemi smærri fyrirtækja.

Umsvif hins opinbera:

- » Hér á landi hafa fyrirtæki í einkaeigu lengi mátt þola samkeppni frá opinberum aðilum á ýmsum sviðum.
- » Samkeppni við hið opinbera er sérstakt áhyggjuefni í dag enda stefnir í mikla ríkisvæðingu fyrirtækja á næstu misserum.
- » Ríkisvæðing bankakerfisins hefur í för með sér stórfelldar breytingar á samkeppnisstöðu íslensks viðskiptalífs.
- » Ný ríkisstjórn verður að skýra nánar frá því hvenær og hvernig fyrirtækjum, sem tekin verða yfir af ríkinu, verður komið aftur í hendur í einkaaðila. Ríkið þarf að móta skýra eigendastefnu.

Fjármögnunarumhverfið

Takmarkað aðgengi að fjármögnun er ein alvarlegasta hindrunin í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi í dag. Þetta viðhorf er staðfest í könnun sem Viðskiptaráð framkvæmdi fyrr á þessu ári. Þar kemur fram stór hluti aðildarfélaga Viðskiptaráðs, sem að megninu til eru lítil og meðalstór fyrirtæki, álíta skort á fjármögnun vera eina af helstu ögrunum í rekstri sínum. Í nýjustu úttekt World Economic Forum (WEF) á samkeppnishæfni þjóða (2008-2009) voru íslensk fyrirtæki beðin að raða fimmtán viðskiptahindrunum í heimalandi sínu eftir því hversu alvarlegar þær væru. Flest fyrirtæki settu aðgengi að fjármögnun í 1.-2. sæti og því ljóst að fjármögnunarvandi fyrirtækja á Íslandi, einkum þeirra smærri, er ærinn.

Frá því að alþjóðlega fjármálakreppan skall á hefur staðan á fjármagnsmarkaði versnað til muna og hefur aðgengi íslenskra fyrirtækja að fjármagni líklega aldrei verið eins slæmt og nú. Minni trúverðugleiki íslenska hagkerfisins og víðtæk gjaldeyrishöft valda því að erlend fjármögnun er nánast ómöguleg, innlendur hlutabréfamarkaður er illa laskaður og nýja bankakerfið getur ekki með góðu móti þjónustað fyrirtæki með þeim hætti sem þau þurfa á að halda. Allar hefðbundnar fjármögnunarleiðir fyrirtækja eru því miklum hindrunum háðar og við slíkan súrefnisskort verður ekki lifað nema í skamman tíma.



MYND 8
ÞRÖUN ÚRVALSVÍSITÖLU
KAUFHALLARINNAR (JAN
2004 TIL JAN 2009)

Heimil: NASDAQ OMX ICELAND

Erfiðar aðstæður á innlendum og alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum hafa bitnað á öllum íslenskum fyrirtækjum óháð atvinnugreinum og stærð, en þó er ljóst að vandinn kemur sérstaklega illa við smærri fyrirtæki. Ástæðan er sú að þau þurfa einkum að reiða sig á styrkleika innlenda bankakerfisins þegar kemur að fjármögnun og annarri fjármálþjónustu á meðan stærri fyrirtæki standa gjarnan frammi fyrir fleiri möguleikum hvað þessi atriði varðar. Stærri félög geta til að mynda leitað út fyrir landsteinana í ríkara mæli en þau smærri, til dæmis í gegnum dótturfélög og starfstöðvar erlendis. Þá eiga stærri fyrirtæki almennt meiri möguleika á innlendri fjármögnun en þau smærri, til að mynda með útgáfu hluta- og skuldabréfa á skipulögðum verðbréfamarkaði. Samkeppnisstaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja á vettvangi fjármögnunar hefur því versnað til muna á síðustu mánuðum og ef eitthvað er standa þau hlutfallslega verr gagnvart stórfyrirtækjum að þessu leyti en áður, m.a. vegna vaxandi áhættufælni fjárfesta.

Íslenskir bankar eini kosturinn


Flestum litlum og meðalstórum fyrirtækjum stendur í raun eingöngu til boða að fjármagna sig með lántökum og fyrirgreiðslum í íslenskum bönkum. Undir venjulegum kringumstæðum ætti það ekki að vera alvarlegt vandamál en eins og staðan er í dag er margt sem stendur í vegi fyrir því að þessi fjármögnunarleið sé fyrirtækjum greið eða hagkvæm. Í fyrsta lagi er nýja bankakerfið enn ekki fyllilega starfshæft og skiptir þar mestu að endanlegir efnahagsreikningar ríkisbankanna liggja ekki fyrir auk þess sem áfram ríkir umtalsverð óvissa um endanlegt uppgjör við kröfuhafa í þrotabú gömlu bankanna. Þetta felur í sér að mikil óvissa er um umsvif og starfsgetu bankanna sem bitnar óhjákvæmilega á útlánastarfsemi þeirra sem og almenntri getu til þess að greiða úr vanda fyrirtækja og veita þeim haldgóða þjónustu. Í öðru lagi fæst lánsfé í íslenskum bönkum ekki nema á óviðráðanlegum kjörum en vextir á skammtímalánum og fyrirgreiðslum til fyrirtækja eru gjarnan um og yfir 20% á ársgrundvelli. Ljóst er að enginn venjulegur rekstur getur staðið undir slíku vaxtastigi til lengri tíma litið. Það er því ekki eiginlegur skortur á lánsfé eða peningum innan bankakerfisins sem torveldar aðgengi að lánsfé, heldur fyrst og fremst hátt vaxtastig.

Betri raunvaxtakjör

Stýrivextir Seðlabankans hafa vissulega verið lækkaðir talsvert undanfarnar vikur, en engu að síður er innlent vaxtastig ennþá svo hátt að fyrirtæki treysta sér almennt ekki til að taka lán. Vísbendingar eru um að framboð lánsfjár sé nægt innan nýja bankakerfisins en eftirspurn eftir lánsfé er því miður afar takmörkuð á meðan vaxtakjör eru eins lök og raun ber vitni. Þetta ójafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar verður aðeins leiðrétt með frekari vaxtalækkunum. Í þessu sambandi nægir ekki að líta til nafnvaxta heldur þarf að taka mið af raunvöxtum sem aftur byggja á verðbólguhorfum til framtíðar, en þróun á skuldabréfamarkaði undanfarið bendir til þess að verðbólguvæntingum sé stillt í hof á komandi misserum.

MYND 9
ÞRÖUN STÝRIVAXTA
SEÐLABANKA ÍSLANDS
(ÁRÍÐ 2001 TIL 2009)

Heimild: Seðlabanki Íslands



Ef raunvextir eru reiknaðir út frá verðbólguhorfum til næstu tólf mánaða eru þeir mun hærri en ef tekið er mið af verðlagsþróun síðustu tólf mánaða. Með þetta í huga er ljóst að lækka þarf vexti hér á landi umtalsvert til viðbótar við þær lækkanir sem þegar hefur verið ráðist í til þess að vaxtakjör á innlendu lánsfé verði ásættanleg. Aðeins þannig munu fyrirtæki og aðrir innlendir aðilar sjá sér hag í því að taka lán sem aftur er

forsenda þess að hér myndist eðlilegt jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar á lánsfjármarkaði. Þá er einnig ljóst að frekari vaxtalækkunarir yrðu heimilum og einstaklingum til bóta.

Polinmótt fjármagn ekki í boði

Háir vextir draga ekki eingöngu úr sókn í lánsfé heldur draga þeir einnig úr vilja fjárfesta og annarra aðila til að leggja fé í atvinnurekstur almennt. Á meðan háir vextir fást á innstæðureikningum án nokkurrar áhættu er ekki að undra að fáir vilji leggja fé í fyrirtæki, hvað þá við þær aðstæður sem nú eru uppi í atvinnulífinu. Væntur ávinningur þess að leggja fé í áhættufjárfestingar á borð við sprotafyrirtæki og nýsköpunarverkefni er um þessar mundir langt um minni en sem nemur áhættulausri ávöxtun á innlánsreikningum. Ofan á þetta bætist síðan það neikvæða viðhorf sem víða er ríkjandi í þjóðfélaginu í garð fjármagns- og fyrirtækjaeigenda og raunar til fyrirtækjareksturs almennt.

Í þessu samhengi gætu frekari vaxtalækkunarir skipt sköpum. Með lækkandi vöxtum munu fjármagnseigendur smátt og smátt færa sig yfir í áhættusamari fjárfestingar í von um hærri ávöxtum. Þannig er líklegt að hluti þess fjár sem í dag er bundinn á innlánsreikningum myndi leita út í atvinnulífið í formi nýrrar fjárfestingar. Frekari vaxtalækkunarir gætu því verið liður í því að bæta aðgengi fyrirtækja að þolinmóðu fjármagni og raunar nauðsynlegar til þess að koma meira fjármagni í vinnu út í atvinnulífinu, meðal annars í nýsköpunarverkefnum og frumkvöðlastarfi. Frekari vaxtalækkunarir nú eru því til þess fallnar að flýta endurreisn hagkerfisins og leggja grunn að fjölbreyttara atvinnulífi til lengri tíma á Íslandi.

27

Betri tímar framundan

Full ástæða er til að ætla að það rætist að einhverju leyti úr stöðunni á fjármagnsmarkaði á næstu mánuðum. Seðlabanki Íslands hefur þegar hafið vaxtalækkunarferlið og vonandi verða vextir lækkaðir nægilega á næstu misserum til að fyrirtæki leiti í lánsfé og að fjármagn leiti inn í atvinnurekstur og nýsköpunarverkefni. Auk þess hefur ný ríkisstjórn lagt sérstaka áherslu á að ljúka fljótt vinnu við stofnun nýju ríkisbankanna. Þannig er líklegt að bankakerfið verði betur í stakk búið til að veita íslenskum fyrirtækjum þá þjónustu sem þau þurfa á að halda. Ennfremur hefur staðan á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum skánað lítið eitt undanfarið sem bendir til þess að smátt og smátt séu alþjóðlegir fjárfestar að taka við sér á nýjan leik. Þessara áhrifa gætir einnig hér á landi en nýlegar fréttir um áhuga erlendra fjárfesta á íslensku atvinnulífi eru til marks um það.

Þó skal hafa það hugfast að aðgengi íslenskra fyrirtækja að fjármögnun verður ekki ásættanlegt á meðan gjaldeyrismál þjóðarinnar eru í jafn miklum ólestri og raun ber vitni. Á meðan haftakrónan er starfrækslumynt flestra innlendra fyrirtækja eru þau ekki fyllilega samkeppnishæf á vettvangi alþjóðlegra viðskipta, sem skerðir vöxt þeirra og dregur um leið úr vaxtamöguleikum íslenska hagkerfisins til lengri tíma. Þess vegna er brýnt að ný ríkisstjórn leggi sérstaka áherslu á að greiða úr þeirri flækju sem myndast hefur á gjaldeyrismarkaði.

VIÐHORF TIL ATVINNULÍFSINS

Á Íslandi eru starfrækt mörg þúsund fyrirtæki í einkaeigu. Þessi fyrirtæki eru ný og gömul, stór og smá og í margs konar atvinnurekstri. Á þeim grundvallast framleiðsla vöru og þjónustu í hagkerfinu og þau veita tugþúsundum Íslendinga atvinnu. Þessi fyrirtæki eru bakbein íslensks efnahagslífs og þeirrar velsældar sem landsmenn geta gert ráð fyrir að búa við.

Fjárfesting í þessum fyrirtækjum er nauðsynleg til að störf verði sköpuð, vara eða þjónusta framleidd og verðmæti búið til. Áhætta felst í slíkri fjárfestingu, en til hennar er stofnað í von um tekjur í formi arðs eða hækkun hlutafjár. Ef ekkert fjármagn fæst til atvinnurekstrar þá verður efnahagslíf drepíð í dróma, fyrirtæki verða ekki til, atvinna ekki heldur og hvorki laun né launahækkanir verða bitbein í slíkri framtíð enda hvorugt til umræðu.

Vegna atburða undanfarinna missera hefur trúverðugleiki atvinnulífs rýrnað umtalsvert og tortryggni gætir í garð fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra. Of oft hefur verið gefið tilefni til slíks viðhorfs, en það er verkefni og ábyrgð allra sem að atvinnulífi standa að læra af mistökum fortíðar og færa til betri vegar. Það er því miður að enn sé kynt undir tortryggni gagnvart atvinnurekstri. Varla er á það bætandi.

Vegna þess andrúmslofts sem nú ríkir á Íslandi og þeirra ríkistryggðu kjara á innlánnum sem bjóðast er fjárfesting í atvinnurekstri ekki eftirsóknarverð. Fórnarkostnaður þess fjármagns sem bundið er í áhættusömu hlutafé er nú umtalsverður og því ljóst að hluthafar í fyrirtækjum eru einnig að færa fórnir með því að greiða út arð sem er langt innan þess vaxtastigs sem ríkir í hagkerfinu eða jafnvel engan.

Vaxi ofangreindum viðhorfum fiskur um hrygg mun það verða til þess að fjárfesting í atvinnurekstri verði enn síður aðlaðandi. Um leið blasir við að erlent fjármagn mun ekki leita hingað í ríkum mæli á næstu misserum. Það er því raunveruleg hættu á skorti á fjármagni til atvinnurekstrar á Íslandi. Það mun koma niður á rekstri fyrirtækja sem þegar eru starfrækt og þeirra sprota sem vonandi eru við það að koma upp á yfirborðið. Um leið er vegið að tilvistargrunni íslensks efnahagslífs, sem tæpast má við meiru. Nauðsynlegt er að rækta jákvæðara viðhorf í garð fyrirtækja og viðskiptalífsins almennt.

Umhverfi til nýsköpunar

Nýsköpunarstarf gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku efnahagslífi og því nauðsynlegt að hlúð verði að slíku starfi og því sköpuð hagfelld skilyrði. Nýsköpun felst einkum í að skapa, þróa og kynna nýjar vörur, þjónustu eða framleiðsluaðferðir og sem slík er hún forsenda efnahaglegrar fjölbreytni og sterkrar samkeppnisstöðu atvinnulífs. Á Íslandi, líkt og í annars staðar í Evrópu, eru lítil og meðalstór fyrirtæki uppspretta nýsköpunar og efnahagslegrar endurnýjunar. Að auki leiðir nýsköpunarstarf af sér ný og fjölbreytt atvinnutækifæri. Það er því sérstaklega mikilvægt að litlum og meðalstörum fyrirtækjum verði skapað hagfelldt umhverfi til nýsköpunar enda fjölgar slík starfsemi stóðum atvinnulífsins og getur skilað þjóðarbúinu miklum efnahagslegum verðmætum til lengri tíma.

Afar mikilvægt er að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem og frumkvöðlar, hafi greiðan aðgang að faglegum stuðningi, hvatningu og aðstoð þegar kemur að nýsköpun. Stoðkerfi nýsköpunar á Íslandi í dag er nokkuð öflugt, en stofnanir og fyrirtæki á borð við Impira Nýsköpunarmiðstöð, Frumtak, Nýsköpunarsjóð, Tækniþróunarsjóð, Innovit og Klak veita bæði frumkvöðlum og smærri fyrirtækjum ráðgjöf um flest þau mál er viðkoma nýsköpun og frumkvöðlastarfi, svo sem stofnun fyrirtækja og gerð viðskiptaáætlana, ásamt því að veita fjárstyrki til arðbærra verkefna. Líklegt er að þetta stoðkerfi nýsköpunar hafi orðið til þess að viðskiptahugmyndir litu dagsins ljós sem annars hefðu jafnvel aldrei orðið að veruleika vegna margvíslegra hindrana.

Árangur markvissrar uppbyggingar stoðkerfis nýsköpunar undanfarin ár sem og stuðningur opinberra aðila við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf leynir sér ekki. Þannig er Ísland í 17. sæti meðal 134 ríkja hvað varðar getu og umhverfi til nýsköpunar samkvæmt nýjustu úttekt WEF á samkeppnishæfni þjóða. Þetta eru mikil meðmæli með svo smárri þjóð og til marks um að í íslensku þjóðinni búi mikill frumkvöðlakraftur sem hefur burði til að skapa og nýta ný tækifæri. Í nýlegri alþjóðlegri rannsókn sem Háskólinn í Reykjavík tók þátt í kom ennfremur í ljós að nýsköpunarstarf á Íslandi er öflugt í alþjóðlegum samanburði. Engu að síður er enn hægt að gera betur á þessu sviði enda nokkrar þjóðir sem standa Íslandi framar hvað varðar getu til nýsköpunar samkvæmt úttekt WEF, þeirra á meðal eru Danmörk, Svíþjóð og Noregur.

TAFLA 2: NÝSKÖPUNARUMHVERFI Á ÍSLANDI - ÚTTEKT WORLD ECONOMIC FORUM 2008-2009

Flokkur	Sæti meðal þjóða (af 134)
Almenn geta til nýsköpunar	17
Gæði rannsóknarstofnana	23
Útgjöld fyrirtækja til rannsóknna og þróunar	17
Rannóknarsamstarf háskóla og atvinnulífs	15
Fjöldi veittra einkaleyfa	16

Mikilvægt að standa vörð um nýsköpun

Á næstu misserum blasir við mikill niðurskurður í rekstri og útgjöldum hins opinbera og líklegt að framlög til flestra málaflokka verði skert. Einn þessara málaflokka er nýsköpun og frumkvöðlastarf, en hið opinbera hefur stutt við stoðkerfi nýsköpunar hér á landi á undanförnum árum, m.a. með fjárframlögum til áðurnefndra stofnana. Líklegt er að dregið verði úr þessum framlögum á næstu misserum, sér í lagi ef eingöngu er litið er á þau sem útgjöld eða kostnað af hálfu hins opinbera en ekki horft til ábata af starfrækslu sterkra innviða til stuðnings nýsköpunar. Þar sem umhverfi nýsköpunar á þegar undir högg að sækja hér á landi vegna bágrar stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar er illa á það bætandi með flötum eða ómarkvissum niðurskurði í stuðningi hins opinbera við málaflokkinn. Þetta á jafnt við um bein útgjöld til málaflokksins sem og óbein útgjöld líkt og skattaúvilnanir eða annar stuðningur af svipuðum toga.


Það er full ástæða til að vara við illa ígrunduðum niðurskurði til þessa málaflokks, enda hætt við að mikilvægt uppbyggingarstarf fari forgörðum við slíkar aðgerðir. Hagnýta og skilvirka fjárfestingu hins opinbera í nýsköpun ber að líta á sem fjárfestingu í framtíðaratvinnu og uppbyggingu hagkerfisins. Sé staðið rétt að málum skilar það fé sem rennur til málaflokksins sér til baka í formi hærri skatttekna fyrir hið opinbera í framtíðinni og fjölgun nýrra og fjölbreyttari starfa í atvinnulífinu. Þá er einnig líklegt að niðurskurður í opinberum stuðningi við nýsköpun og frumkvöðlastarf myndi fyrst og fremst bitna á smærri fyrirtækjum enda þurfa þau að reiða sig á umrædd stoðkerfi í ríkara mæli en stærri fyrirtæki. Að þessu sögðu er engu að síður ástæða til að kanna hvort nýta megi það fé sem rennur til málaflokksins betur, til að mynda með sameiningu stofnana eða öðrum hagræðingaraðgerðum.

Rannsóknir og þróun – uppspretta þekkingar

Í sinni einföldustu mynd gengur nýsköpunarstarf út að umbreyta nýrri þekkingu yfir í markaðsverðmæti. Sjálf þekkingarsköpunin er því ómissandi liður í nýsköpunarferlinu, en ný þekking er iðulega afrakstur rannsókna- og þróunarstarfs innan fyrirtækja, háskóla og annarra rannsóknarstofnana. Útgjöld til rannsókna og þróunar ættu því að gefa vísbendingu um sköpun nýrrar þekkingar í þjóðfélaginu. Hér á landi eru útgjöld til þessa málaflokks, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, nokkuð hærri en gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við, hvort sem horft er til útgjalda fyrirtækja eða æðri menntastofnana. Sú hefur ekki alltaf verið raunin því fram að aldamótum var framlag til rannsókna og þróunar hér á landi lágt í alþjóðlegum samanburði, einkum vegna lítillar fjárfestingar fyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfi. Síðasta áratuginn eða svo hefur því orðið mikilvægur viðsnúningur í þessum málum en þann árangur má einkum rekja til ört vaxandi fyrirtækja í líftækni, jarðvarma og öðrum geirum. Líklegt er að þessi aukni stuðningur við rannsóknar- og þróunarstarf fari að skila sér í auknum mæli, enda tekur umbreyting þekkingar í verðmæti tíma.

Til að viðhalda kröftugu nýsköpunarstarfi er nauðsynlegt að viðhalda öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi, bæði innan fyrirtækja og annarra rannsóknarstofnana. Í þessu sambandi er mikilvægt að hið opinbera útvíkki heimildir fyrirtækja, einkum þeirra

smærri og yngri, til frádráttar kostnaðar við rannsóknir og þróun frá tekjum í bókum sínum. Einnig þarf að efla rannsóknir innan æðri menntastofnana landsins, einkum og sér í lagi á sviði verkfræði og annarra vísinda, þar sem rannsóknir á þeim sviðum eru líklegri til að leiða af sér þekkingu sem síðar er snúið í markaðsverðmæti.



MYND 10
ÚTGJÖLD TIL RANNSÓKNA
OG ÞRÓUNAR Á ÍSLANDI
SAMANBORIÐ VIÐ ESB
SEM HLUTFALL AF
LANDSFRAMLEIÐSLU

Henrik Eurostat

Hagnýting og varðveisla þekkingar


Sköpun nýrrar þekkingar ein og sér skilar takmörkuðum efnahagslegum ábata ef ekki er unnið áfram með hugmyndirnar svo úr verði markaðsverðmæti. Þannig eru hagnýting og varðveisla nýrrar þekkingar ekki síður mikilvægir þættir í nýsköpunarferlinu en sjálf þekkingarsköpunin. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að skapa umhverfi sem gerir fyrirtækjum og öðum kleift að umbreyta nýjum hugmyndum og nýrri þekkingu í áþreifanleg markaðsverðmæti með tiltölulega auðveldum hætti.

Fjöldi umsókna um einkaleyfi er einn þeirra mælikvarða sem geta gefið vísbendingu um það hvort útgjöld til rannsókna og þróunar skili sér í sérþekkingu úti á mörkuðum og þar með sköpun markaðsverðmæta og nýrra starfa. Samanburður á veitingum einkaleyfi á Íslandi og í öðrum ríkjum leiðir í ljós að hlutfallslega færri einkaleyfi eru veitt á Íslandi en í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við, þrátt fyrir að í alþjóðlegum samanburði séu útgjöld til rannsókna og þróunar hlutfallslega mikil hér á landi. Í raun hafa bæði umsóknir um einkaleyfi og veitingar einkaleyfa verið hlutfallslega fáar hér á landi í áraraðir. Mælikvarðinn bendir því til þess að rannsóknar- og þróunarstarf hér á landi skili ennþá ekki eins miklum efnahagslegum ábata og það ætti að gera þótt þróunin sé vissulega í rétta átt.

Mikilvægt er að auka hagnýtingu og notkun nýrrar þekkingar til að tryggja að rannsóknar- og þróunarstarf, hvort sem það fer fram innan menntastofnana eða fyrirtækja, skili sér í markaðsverðmætum. Í þessu sambandi blasir við að leggja þarf þunga áherslu á samstarf milli æðri mennta- og rannsóknastofnana og einkafyrirtækja, enda er slíkt samstarf til þess fallið að koma uppgötvunum og nýrri þekkingu á markaði. Þá er einnig mikilvægt að efla fræðslu um mikilvægi þess að fyrirtæki og frumkvöðlar verndi hugverk sín svo tryggt sé að þeim gefist kostur á að skapa úr þeim markaðsverðmæti.

MYND 11
ÁRLEGUR FJÖLDI VEITTRA
EINKALEYFA Á ÍSLANDI
SAMANBORDIÐ VIÐ ÖNNUR
ÍÐNRÍKI (PR. 1.000 ÍBÚA)

Heimild: Eurostat og World Economic Forum



Í þessu sambandi gæti reynst gagnlegt að koma upp miðlægri upplýsingaveitu um allt það sem tengist löggjöf á þessu sviði, m.a. ákvæði um hugverkarétt, einkaleyfi og uppfinningar starfsmanna, svo fátt eitt sé nefnt. Löggjöf á þessu sviði er viðamikil og flókin og því reynist mörgum, sérstaklega smærri fyrirtækjum og einstaklingum, bæði erfitt og kostnaðarsamt að afla sér upplýsinga um þessi mál. Það dregur úr hvata til þess að hagnýta sér löggjöfina og getur beinlínis komið í veg fyrir að ný þekking verði hagnýtt í hagrænum tilgangi. Miðlæg upplýsingaveita af þessu tagi myndi án efa auðvelda smærri fyrirtækjum og frumkvöðlum að þróa starfsemi sína og greiða þannig götur fyrir sköpun verðmæta og nýrra starfa í efnahagslífinu.

32

Málefнасamningur ríkisstjórnar lofar góðu

Ný ríkisstjórn hefur boðað margvíslegar aðgerðir til stuðnings nýsköpunarumhverfi hér á landi og því ber að fagna. Meðal þess sem lagt er til í nýjum málefнасamningi eru hugmyndir um að efla úrræði Vinnuálastofnunar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands þar sem fyrirtæki geta ráðið fólk af atvinnuleysissskrá tímabundið með stuðningi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hér er t.d. um að ræða samninga um starfsþjálfun, þróun eigin viðskiptahugmyndar í samstarfi við fyrirtæki og frumkvöðlastörf í samstarfi við sprotafyrirtæki. Ljóst er að þetta fyrirkomulag getur gert smærri fyrirtækjum í nýsköpun kleift að ráða til sín starfsfólk tímabundið án þess að axla allar þær formlegu byrðar sem fylgja hefðbundnum mannaráðningum. Þetta getur því sparað fyrirtækjum fyrirhöfn og kostnað á sama tíma og dregið er úr áhrifum atvinnuleysis með því að nýta krafta atvinnulausra til verðmætasköpunar.

Einnig hafa verið lagðar til úrbætur á umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja með lagfæringu á skattalögum til að þess ívilna megi rannsóknar- og þróunarstarfi, líkt og nefnt hér að ofan. Auk þess eru uppi eru áform um skattaafslætti í tengslum við fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Enn sem komið er hefur hvorug aðgerðin verið útfærð nánar en ljóst er að báðar geta bætt rekstrarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja svo um munar. Með þeim eru skapaðir auknir fjárhagslegir hvatar til nýsköpunarstarfs og um leið greitt fyrir flæði fjármagns inn í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, eitthvað sem mikil þörf er á um þessar mundir.


Í öllu falli er mikilvægast að ríkið fylgi áformum þessum eftir í verki og að öll atriði er varða úrbætur á umhverfi til nýsköpunar hér á landi verði komin til framkvæmda eins fljótt og auðið er. Með því að skapa betra umhverfi til nýsköpunar hérlandis er lagður grunnur að sköpun nýrrar þekkingar, stofnun nýrra fyrirtækja og fleiri atvinnutækifæra. Allt leiðir þetta af sér hraðari bata hagkerfisins, fjölbreyttara atvinnulíf og aukna hagsæld íslensku þjóðarinnar til lengri tíma. Í þessu sambandi má ekki gleyma að úrbætur á nýsköpunarumhverfi geta tekið allt að 5-10 ár að hafa markverð áhrif. Því er ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Gjaldeyris- og peningamál

Fyrirkomulag gjaldeyrismála hefur um langa hríð verið mikil hindrun í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Raunar einskorðast vandinn ekki við lítil og meðalstór fyrirtæki því í dag er íslenska krónan eitt alvarlegasta meinið í íslensku efnahagslífi almennt. Ein af grunnforsendum þess að hægt sé að reka fyrirtæki af skilvirkni til lengri tíma er sú að starfrækslumynt þess sé stöðug og njóti trausts á vettvangi alþjóðlegra viðskipta. Íslenska krónan uppfyllir ekki slík skilyrði og því ljóst að umhverfi til fyrirtækjareksturs hér á landi verður ekki samkeppnishæft í samanburði við önnur lönd fyrr en gjaldeyris- og peningamál hafa verið tekin til gagngerrar endurskoðunar.

Fyrirtæki landsins eru einróma í afstöðu sinni til málaflokksins. Þannig sögðu nær öll fyrirtæki lágt gengi krónunnar, miklar gengissveiflur og gjaldeyrishöft vera stórt vandamál í rekstri sínum í viðhorfskönnun sem Viðskiptaráð framkvæmdi meðal aðildarfélaga sinna fyrr á árinu. Í nýjustu úttekt WEF á samkeppnishæfni þjóða er staða gjaldeyrismála einnig nefnd sem alvarleg viðskiptahindrun hér á landi. Ljóst er að ný ríkisstjórn verður að bregðast við þessu kalli fyrirtækja og leita leiða til að greiða úr þeirri flækju sem myndast hefur á gjaldeyrismarkaði, því án mikilla breytinga á þessu sviði er óhugsandi að hér geti þrífist fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf til lengri tíma.

33



MYND 12
ÞRÖUN GENGISVÍSITÖLU
ÍSLENSKU KRÓNUNNAR (JAN
2008 TIL MAÍ 2009)

Heimild: Seðlabanki Íslands

Efnahagsleg fjölbreytni

Í náinni framtíð þarf íslenska þjóðin að taka endanlega ákvörðun um framtíðar-fyrirkomulag peninga- og gjaldeyrismála í landinu. Hér stendur valið á milli tveggja meginkosta. Annars vegar er hægt að halda íslensku krónunni og sjálfstæðri peningamálastefnu eða taka upp aðra mynt í samstarfi við alþjóðasamfélagið.

Grundvallarmunur er á kostunum tveimur og ljóst að ákvörðunin mun hafa mikla þýðingu fyrir efnahagslega framtíð þjóðarinnar.

Ef farin verður sú leið að halda íslensku krónunni og viðhalda sjálfstæðri peningamálastefnu má leiða líkur að því að fjölbreytni í íslensku efnahagslífi verði minni en ella og að atvinnulífið muni í auknum mæli takmarkast við fáar grunnstoðir. Ástæðan er einkum sú að krónan stenst ekki þau skilyrði sem myntin verður að uppfylla til vera samkeppnishæfur í alþjóðlegum viðskiptum. Atvinnulífið myndi því í auknum mæli takmarkast við þær greinar sem byggja rekstur sinn á nýtingu náttúruauðlinda, líkt og sjávarútveg, landbúnað, orkufrekan iðnað og ferðaþjónustu. Aðrir atvinnuvegir, sem eru ekki eins háðir landfræðilegri staðsetningu, myndu aftur á móti færast í auknum mæli út fyrir landsteinana. Hér er um að ræða fjölda lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fjöldann allan af sprota- og þekkingarfyrirtækjum, enda smærri fyrirtæki hlutfallslega fleiri í greinum öðrum en iðnaði og framleiðslu.

Með því að taka upp aðra mynt er aftur á móti lagður grunnur að fjölbreyttara atvinnulífi hér á landi til lengri tíma lítið. Gjaldeyrismál yrðu ekki sama hindrunin í íslenskum fyrirtækjarekstri og áður og því síður líklegt að félög í öðrum greinum en þeim staðbundnu, einkum smærri fyriræki, myndu flýja land. Fyrirkomulagið myndi þannig efla fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og skjóta fleiri stoðum undir vöxt hagkerfisins til lengri tíma. Að auki myndi breytt fyrirkomulag gjaldeyrismála greiða fyrir fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, til bóta fyrir efnahagslífið.

34

Ljóst er hvor ofangreindra kosta felur í sér fleiri tækifæri fyrir Ísland til framtíðar. Með upptöku annarrar myntar aukast líkurnar á fjölbreyttu atvinnulífi til viðbótar við gömlu grunnstoðirnar sem byggja á nýtingu náttúruauðlinda. Þar með aukast möguleikar til sköpunar nýrra starfa og vaxtarmöguleikar hagkerfisins margfaldast. Aðgerðin að taka upp aðra mynt í sátt við alþjóðasamfélagið er þannig til þess fallin að stuðla að bættum lífskjörum, en það hlýtur að vera höfuðmarkmið til lengri tíma. Auk þess er líklegt að upptaka annarrar myntar gæti bætt hag heimilanna í landinu umtalsvert, en þeim myndu þjóðast betri vaxtakjör og ætla má að verðstöðugleiki yrði almennt meiri vegna minni gengissveiflna.

Ákvörðun bíður nýrrar ríkisstjórnar

Af umfjölluninni hér að ofan má vera ljóst að staðan í gjaldeyrismálum þjóðarinnar er með öllu óviðunandi og því brýnt að stjórnmalamenn taki tafarlaust mikilvægar ákvarðanir í þessum efnum. Ef ekkert verður að gert mun fjöldi fyrirtækja ýmist fara í þrot, hætta starfsemi eða flytja úr landi. Að auki getur núverandi staða í gjaldeyrismálum hindrað framgang nýrra viðskiptahugmynda og stofnun nýrra fyrirtækja. Staðan í gjaldeyrismálum stendur því endurreisnarstarfinu fyrir þrifum og kemur í veg fyrir að hér geti starfað atvinnulíf með fjölbreyttri flóru fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum í mismunandi greinum atvinnulífsins.

Hvað varðar lítil og meðalstór fyrirtæki þá er staðan í gjaldeyrismálum ein stærsta hindrunin í rekstrarumhverfi þeirra hér á landi. Það eitt og sér ætti að nægja til


Þess að ríkisstjórnin setji peninga- og gjaldeyrismál í efsta sæti í forgangs röðun sinni þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru stærsti vinnuveitandinn á Íslandi. Þess vegna eru það vonbrigði að í málefna samningi nýrrar ríkisstjórnar skuli varla vikið að peningamálum. Vissulega stendur til að sækja um aðild að ESB, sem gæti falið í sér upptöku evru síðar hér á landi, en að öðru leyti er ekki fjallað sérstaklega um hvernig peninga- og gjaldeyrismálum skuli háttað fram að þeim tímapunkti. Að vísu kemur fram í hundrað daga áætlun ríkisstjórnarinnar að stefnt sé að því að draga úr gjaldeyrishöftum á næstunni, en ekki er útfært nánar með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst ná því markmiði. Enn ríkir því mikil óvissa um framtíð peningamála hér á landi og er það miður. Rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi verður ekki samkeppnishæft fyrr en búið er að greiða úr gjaldeyrismálum þjóðarinnar eða í það minnsta þar til fyrir liggur trúverðug og vænleg áætlun um með hvað hætti peningamálum þjóðarinnar skuli háttað til skemmri og lengri tíma.

Skattaumhverfið

Íslenskt skattaumhverfi, hvort sem horft er til lítilla, meðalstórra eða stærri fyrirtækja, er þegar á heildina er lítið nokkuð hagkvæmt og skilvirkt. Þannig eru tekjuskattar á lögaðila tiltölulega lágir hér á landi, en þeir voru lækkaðir í 15% úr 18% um mitt ár 2008. Þetta endurspeglast í úttekt WEF á samkeppnishæfni þjóða en þar nefna innan við 5% íslenskra fyrirtækja hátt skatthlutfall sem raunverulega viðskiptahindrun, sem er lágt hlutfall í samanburði við önnur ríki. Að sama skapi þykir sjálft skattkerfið og regluverkið í kringum opinbera gjaldheimtu tiltölulega einfalt, en innan við 3% fyrirtækja í úttekt WEF nefna það atriði sem viðskiptahindrun og er það hlutfall mun lægra en gengur og gerist í flestum öðrum ríkjum heimsins.

35

En þrátt fyrir að skattaumhverfið hér á landi sé í grófum dráttum hagfelld og einfalt er mikilvægt að tryggja að svo verði áfram í framtíðinni, sérstaklega í ljósi þess að margir aðrir þættir í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hafa versnað verulega. Margt bendir til að skattar og aðrar álögur á fyrirtæki verði hækkaðar í náginni framtíð, en ljósi aðstæðna í hagkerfinu þarf að fara varlega í allar slíkar ráðstafanir. Á meðan rekstur flestra fyrirtækja landsins er í járnum ætti að forðast allar breytingar á skattkerfinu í átt til hærri skattheimtu og aukins flækjustígs, þar sem slíkt getur bitnað harkalega á



fyrirtækjum landsins og á endanum starfsfólki í formi uppsagna eða launalækkana. Auk þess má ekki gleyma því að í heimi frjálsra fjármagnsflutninga ríkir mikil samkeppni um fjármagn og því ljóst að skattaumhverfið í sérhverju landi skiptir gífurlegu máli í þessu sambandi.

Forðast ber skattahækkanir

Öllum er ljóst að á næstu misserum mun hið opinberra þurfa að gæta mikils aðhalds í útgjöldum rétt eins og almenningur, enda stefnir í umtalsverðan fjárlagahalli á þessu ári og því næsta. Er það raunar í samræmi við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þar er gert ráð fyrir halla á rekstri ríkissjóðs á næstu misserum. Framundan blasa því við vandasamar og sársaukafullar ákvarðanir í fjármálum hins opinbera - ákvarðanir um hvar og hversu mikið verður skorið niður og hvernig skattheimtu skuli háttað í náinni framtíð.

Viðskiptaráð hefur margsinnis fjallað um fjármál hins opinbera og þá stefnu sem æskilegt væri að hafa að leiðarljósi í þeim málaflokki á næstu misserum. Af þeim tveimur leiðum sem standa stjórnvöldum til boða til að mæta fjárhagsþrengingum næstu missera, hækka skatta eða draga úr útgjöldum, telur Viðskiptaráð mjög mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á seinni leiðina. Ástæðan er einkum sú að fjárhagsstaða fyrirtækja og heimila er nú þegar þannig að ekki er á bætandi með hækkun skatta. Að auki er umtalsvert svigrúm til hagræðingar í rekstri hins opinbera þar sem útgjöld þess hafa vaxið mikið á undanförunum árum. Minni umsvif hins opinbera myndu einnig draga úr fjárþörf þess og skapa mikilvægt athafnarými fyrir einkaaðila.

36

Þessu til viðbótar er ekki fyrirséð hver áhrif skattahækkana yrðu við þær viðkvæmu aðstæður sem ríkja í efnahagslífinu. Hætt er við að skattahækkanir leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Áhrif skattahækkanna gætu því allt eins orðið þveröfug við það sem lagt er upp með, en alþjóðlegar hagrannsóknir benda til þess að skattahækkanir í efnahagskreppum leiði gjarnan til tekjusamdráttar fyrir hið opinberra. Gildir þá einu hvort um ræðir álögur á fyrirtæki eða heimili.

Skattkerfið þarf að vera hvetjandi

Viðskiptaráð hefur ætíð talað fyrir lágum sköttum og einföldu skattkerfi enda er slíkt þess fallið að örva uppbyggingu atvinnulífs og auka almenna velmegun. Skattaumhverfi fyrirtækja hér á landi er nú þegar tiltölulega hagfellt í alþjóðlegum samanburði en þó má alltaf gera betur. Viðskiptaráð hefur til að mynda lagt til einföldum á skattkerfinu í þá átt að hér á landi verði tekinn upp flatur skattur með almennum lágum skatti. Með þessum hætti yrði skattkerfið gert gagnsærra, einfaldara og skilvirkara sem væri þjóðfélaginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu er einnig ástæða til að kanna aðrar sértækar og jafnvel tímabundnar breytingar á skattkerfinu sem væru til þess fallnar að styðja sérstaklega við lítil og meðalstór fyrirtæki og nýsköpun. Það væri til að mynda skynsamlegt að kanna möguleika á skattaívilnunum fyrir fjárfesta sem leggja

fé í áhættusaman rekstur um þessar mundir, til dæmis nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Einnig mætti kanna breytingar í þá veru að fyrirtæki sem skila hagnaði á sínu fyrsta rekstrarári fái skattaundanþágur það árið, rétt eins og fyrirtækjum sem tapa fé á sínu fyrsta ári er heimilt að nýta það allt til frádráttar hagnaðar á næsta rekstrarári. Þessi aðgerð gæti örvað nýsköpun og þar með stutt við fjölgun nýrra starfa.

Loks er mikilvægt að hið opinbera sýni áframhaldandi sveigjanleika í innheimtu opinberra gjalda á næstu misserum líkt og verið hefur gert með innheimtu virðisaukaskatts og vörugjalda undanfarið. Með þessu móti er fyrirtækjum veittur mikilvægur stuðningur í núverandi árferði og það eykur líkurnar á því að þau komist heilu á höldnu í gegnum þær efnahagshremmingar sem nú ríða fyrir þjóðina.

Laga- og reglugerðarumhverfið

Ein af forsendum þess að að lítil og meðalstór fyrirtæki geti blómstrað og að heilbriggt og fjölbreytt viðskiptalíf fái þrífist er að löggjöf og regluverk byggi á traustum og skilvirkum grunni og íþyngi ekki rekstri fyrirtækja að óþörfu. Á undanförunum árum hefur náðst mikill árangur á þessu sviði hér á landi, en til marks um það er að Ísland er í 13. sæti af 134 ríkjum hvað varðar skilvirkni innlendra viðskiptalöggjafar í nýjustu úttekt WEF á samkeppnishæfni þjóða. Engu að síður er ennþá mikið svigrúm til umbóta þar sem Norðurlöndin eru öll talin standa okkur framar á þessu sviði.

Það er einnig sérstök ástæða til að huga að þessum málefnaflokki á tímum sem þessum. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu er rík tilhneiging meðal almennings og annarra álitsgjafa til þess að kenna skorti á lögum og reglum um það hvernig komið er fyrir þjóðarbúskapnum. Hugmyndir um að viðskiptalífi sjálft hafi fengið að móta sér sínar eigin leikreglur og virt lög og reglur að vettugi njóta hljómgrunns um þessar mundir. Raunar hafa sumir stjórnámálamenn beinlínis staðið fyrir slíkri skoðanamyndun, einkum í aðdraganda Alþingiskosninganna sem haldnar voru fyrr á árinu. Hefur þetta leitt til þess að margir kalla eftir viðameiri og strangari löggjöf á sviði viðskipta og auknum reglum og eftirliti sem talið er nauðsynlegt að framfylgja af meiri hörku en tíðkast hefur hingað til.

TAFLA 3: LAGA- OG REGLUGERÐARUMHVERFI Á ÍSLANDI - ÚTTEKT WORLD ECONOMIC FORUM 2008-2009

Flokkur	Sæti meðal þjóða (af 134)
Skilvirkni lagaumgjarðar	17
Traust til stjórnámálamanna	23
Gagnsæi í stjórnsýslu	17
Íþyngjandi lög og reglur	15
Sjálfstæði dómstóla	16

Ekki þarf að koma á óvart að sjónarmið af þessu tagi skjóti nú upp kollinum, en það er engu að síður áhyggjuefni. Í þessum yfirlýsingum fellst einkar neikvæð afstaða til athafnasemi og lítilsvirðing í garð þeirra aðila sem staðið hafa fyrir verðmæta- og atvinnusköpun í íslensku efnahagslífi í áraraðir. Íslenska efnahagshrunið er ekki afleiðing

athafnafrelsis heldur samspils fjölmargra og flókinna þátta sem teygja anga sína um gjörvalla heimsbyggðina. Viðameiri löggjöf og strangari reglur hér landi munu ekki fyrirbyggja efnahagskreppur í framtíðinni og þess háttar ráðstafanir eru ekki líklegar til að stuðla að fjölbreyttara og traustara atvinnulífi í framtíðinni. Í þessu sambandi má auk þess ekki gleyma að Ísland er aðili að EES og hefur því að miklu leyti innleitt löggjöf og regluverk ESB á sviði viðskipta.

Skilvirkni og gagnsæi

Við gerð og mótnun laga- og regluverks á sviði viðskipta- og atvinnulífs ættu kjörorð löggjafans að vera skilvirkni og gagnsæi. Með þessu er átt við að löggjöfin eigi að vera í senn einföld og markviss á þann hátt að fyrirtæki eigi tiltölulega auðvelt með að þróa starfsemi sína. Þetta er einkum mikilvægt fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, enda getur kostnaður þeirra við að uppfylla lagalegar skyldur verið umtalsvert hærri hlutfallslega en hjá stærri fyrirtækjum. Þá er einnig mikilvægt að lög og reglur sem lúta að stofnun fyrirtækja séu eins einfaldar og hægt er, enda slíkt til þess fallið að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Loks er mikilvægt að lög og reglur um mannaráðningar séu ekki svo íþyngjandi að það komi í veg fyrir eðlilega fjölgun starfsfólks hjá smærri fyrirtækjum.

Í því endurreisnarstarfi sem framundan er ættu stjórnámálamenn að gæta þess að ganga ekki of langt í breytingum á lögum og reglum og einsetja sér jafnframt að standa vörð um það athafnafrelsi sem einkennt hefur íslenskt viðskipta- og atvinnulíf undanfarin ár. Rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi hefur sjaldan eða aldrei verið erfiðara og því mega stjórnámálamenn ekki herða lög og reglur í þeim tilgangi einum að vinna pólitísk stig. Aukið athafnafrelsi er meðal þess sem hefur komið Íslandi í hóp ríkustu þjóða heims á síðustu áratugum og þetta sama frelsi mun beina hagkerfinu inn á braut varanlegrar endurreisnar.

Umsvif hins opinbera

Fyrirtæki á Íslandi hafa lengi mátt þola samkeppni við hið opinbera á ýmsum mörkuðum. Á undanförnum árum hefur dregið úr þeim vanda í takt við einkavæðingu ríkisfyrirtækja en engu að síður eru umsvif hins opinbera víða mikil í viðskiptalífinu. Þar má nefna fjölmiðlamarkaðinn, orkuiðnað og fjölmargar þjónustugreinar. Allt stefnir í að efnahagskreppan muni leiða af sér gífurlega aukningu í umsvifum hins opinbera, en nú þegar er stærstur hluti fjármálageirans kominn á hendur ríkisins. Það er því ljóst að samkeppni við ríkisfyrirtæki og víðtæk umsvif hins opinbera í atvinnulífinu er eitthvað sem innlend fyrirtæki munu líklega búa við á komandi misserum.

Ný ríkisstjórn hefur þegar lagt drög að stofnum miðlægs eignaumsýslufélags sem ætlað er að taka yfir fyrirtæki sem álitin eru þjóðhagslega mikilvæg. Hvað hugtakið þjóðhagslegt mikilvægi felur í sér í þessu sambandi hefur enn ekki verið skýrt nánar, en það virðist vera á höndum ráðamanna að gera svo. Full ástæða er til að draga gildi þessa fyrirkomulags í efa enda ljóst að hér er um að ræða víðtæka ríkisvæðingu fyrirtækja. Í stað þess að ríkið taki beint eða óbeint yfir fyrirtæki sem ráðamenn telja þjóðhagslega mikilvæg væri heppilegra að stjórnvöld einbeittu sér heldur að ytri umgjörð til fyrirtækjareksturs

hér á landi. Mun skynsamlega væri að bæta grunnþætti í rekstrarumhverfi fyrirtækja til þess fyrirtæki gætu hjálpað sér sjálf í einhverjum skilningi.

Viðskiptaráð hefur margsinnis fjallað um eignaumsýslufélag ríkisins og þau gildi sem æskilegt er að hafa leiðarljósi í þeirri framkvæmd. Þannig hefur ráðið ritað fjölda greina um málið ásamt því að gefa út umsagnir um lagafrumvörp er varða stofnun og hlutverk félagsins. Athugasemdir ráðsins hafa einkum varðað hlutverk hins opinbera sem fyrirtækjaeigenda og samkeppnissjónarmið. Sértaklega hefur ráðið kallað eftir því hið opinbera móti sér skýra eigendastefnu en reynsla annarra ríkja hefur sýnt að það hefur mikið að segja um endanlegan ávinning fyrirkomulags af þessu tagi. Þá skiptir miklu máli að þau fyrirtæki sem áfram verða í einkaeigu viti nákvæmlega hver markmið hins opinbera raunverulega eru ef samkeppnisaðilar renna inn í eignaumsýslufélag ríkisins.

Skýr eigendastefna

Brýnt er að ríkið setji sér skýra eigendastefnu gagnvart eignaumsýslufélaginu þar sem markmið eignarhaldsins, skuldbindingar ríkisins, helstu skyldur stjórnar, upplýsingagjöf og önnur veigamikil atriði eru tilgreind. Mikil vinna hefur átt sér stað í þessum málaflökki um allan heim, en Svíar eru t.a.m. framarlega á þessu sviði. Um eigendastefnur hins opinbera er jafnframt fjallað skilmerkilega í *Leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja* sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin gáfu út á síðasta ári.

39

Skýr eigendastefna tryggir samræmda innleiðingu þeirra markmiða sem ríkið ætlar sér með eignarhaldinu. Skuldunautar, lánadrottinnar, fjárfestar og almenningur geta þannig gengið að ákveðnum fyrirsjáanleika sem vísun, sem skapar almennari sátt um starfsemi félagsins. Slíkt gegnsæi hefur að auki áhrif á vilja fyrrgreindra aðila til að koma að félaginu eða kaupa síðar meir fyrirtæki í eigu þess. Reynslan hefur sýnt mikilvægi þessa þar sem ómarkviss innleiðing markmiða getur haft þau áhrif að draga endurskipulagningu fyrirtækja á langinn og rýra þar með virði eigna félagsins.

Eigendastefnan myndi jafnframt leggja grunn að aðskilnaði milli ólíkra hlutverka ríkisins, t.a.m. hlutverks þess sem eiganda bankanna, sem valdhafa til reglusetningar og svo sem eiganda þessa félags. Ábyrgð ríkisins sem eiganda, stjórnar félagsins sem æðsta valdhafa þess milli hluthafafunda og samskiptaleiðir milli þessara aðila og við aðra yrðu jafnframt kunngerðar fyrirfram. Með því að útbúa skýran ramma um þessi mál er dregið úr því tómarúmi sem óvönduð vinnubrögð þrífast í.

Huga ber að smærri fyrirtækjum

Hætt er við að sú ríkisvæðing atvinnulífsins sem í stefnir muni bitna sérstaklega illa á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Ástæðan er einkum sú að þau hafa síður bolmagn til að keppa við fjárhagslega sterk ríkisfyrirtæki en stærri fyrirtæki. Auk þess er líklegt að stærri fyrirtækjum verði almennt gert hærra undir höfði en smærri fyrirtækjum á næstu misserum, enda rík tilhneiging hjá stjórnáráðgjöf og öðrum aðilum til þess

að jafna þjóðhagslegu mikilvægi við stærð fyrirtækja. Auðvitað er eitthvað til í þessu, en yfirvöld mega hins vegar ekki gleyma því að lunginn af atvinnulífinu hér á landi eru lítil og meðalstór fyrirtæki og þjóðhagslegt vægi þeirra er því verulegt. Því væri nær verja tíma og fyrirhöfn í að hlúa að þeirra ytra umhverfi með markvissum úrbótum og annars háttar stuðningi. Með því móti væri fleiri fyrirtækjum veittur sá stuðningur sem þau þurfa á að halda við núverandi aðstæður auk þess sem lagður væri grunnur að fjölbreyttara atvinnulífi, þjóðinni allri til bóta.

VERKASKIPTING RÍKIS OG EINKAÆÐILA

Framundan eru mikilvægar ákvarðanir um framtíðarverkaskipan á milli almenns vinnumarkaðar og ríkisins. Fall íslensku bankanna hefur leitt til þess að stærstur hluti fjármálakerfisins er nú aftur kominn í eigu ríkisins. Í ljósi mikillar skuldetningar íslenskra fyrirtækja við bankakerfið stýrir hið opinbera miklu um þróun mála í viðskiptalífinu á næstu misserum. Framvinda í rekstri fyrirtækja kemur til með að vera ráðandi þáttur í þróun atvinnumála og því er ekki eingöngu um hagsmunamál eigenda fyrirtækjanna að ræða heldur allra heimila í landinu. Það er mikilvægt að stjórnvöld geri sér grein fyrir þeirri eðlilegu hringrás sem almennur vinnumarkaður og rekstur hins opinbera mynda og rói öllum árum að því marki að lágmarka þann fjölda fyrirtækja sem lenda í eigu ríkisbankanna vegna yfirstandandi erfiðleika. Stefna stjórnvalda í þessum efnum mun hafa afgerandi áhrif á þróun atvinnuleysis, dýpt efnahagslæggðarinnar og svigrúm í fjármálum hins opinbera á komandi misserum.

Ástæður þess eru margþættar. Stærsti áhrifavaldurinn er sá mikli munur sem er fólgin í möguleikum ríkisins til að meta þarfir þátttakenda hagkerfisins samanborið við sjálfan markaðinn. Þegar framboði vöru og þjónustu er leyft að ráðast af eftirspurn myndast jafnvægi með sjálfvirkum hætti ólíkt því sem gerist þegar ríkisvaldið áætla og skipuleggur þarfir markaðarins. Frelsi til ákvarðana er þannig ótvíræður framfarakraftur sem skapar hvata og grundvöll fyrir skilvirka nýtingu framleiðsluþátta.

Þrátt fyrir allt þá er hvatin til hagræðingar og skilvirkni, sem er fólgin í einkaeign í atvinnurekstri, meginforsenda þess að hægt sé að hámarka framleiðni. Einkaaðilar kappkosta við að veita sem besta þjónustu á sem lægstu verði. Ef þjónusta er ekki eins og best verður á kosið missa þeir viðskipti og verða þar með af hagnaði. Því minni sem kostnaður þeirra er því meiri er hagnaður þeirra af veittri þjónustu. Til að ábati neytenda verði sem mestur er mikilvægt að samkeppni geti skapast á markaðinum og þannig standi þeir eftir sem besta þjónustu veiti á sem hagkvæmastan máta. Þar sem rekstur af hálfu hins opinbera þarf sjaldnast að lúta samkeppnislögmálum hafa forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnana eða fyrirtækja lítinn hvata til að hagræða í rekstrinum. Afleiðingin verður velferðartap sem kemur niður á öllum þegnum samfélagsins. Að sama skapi er samkeppni

hins opinbera við einkaaðila sjaldnast af hinu góða. Fjárhagslegt bolmagn þess er slíkt að einkaaðilar mega sín lítils í samanburði. Hlutverk ríkisins ætti að vera að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist, án inngripa eða röskunar af hálfu hins opinbera. Ríkið ætti því að marka sér þá stefnu að hverfa frá rekstri ríkisfyrirtækja í þeim atvinnugreinum þar sem einkaaðilar geta haslað sér völl og sinnt þjónustunni.

Starfsemi einkaaðila og fyrirtækja í einkaeigu skilar verðmætum í þjóðarbúið. Samtvinnun hagkerfa er slík að það er óhætt að segja að allir séu á sama báti. Fjármögnun opinberrar þjónustu fer í gegnum skattkerfið, en skattkerfið er fjármagnað í gegnum umsvif heimila og fyrirtækja. Ætli stjórnvöld sér að fjármagna opinbera þjónustu er því mikilvægt að efla atvinnulíf til að heimili og fyrirtæki geti skilað viðunandi skatttekjum í ríkiskassann. Með það í huga er óhætt að segja að án öflugs einkareksturs sé afar erfitt að halda uppi velferð til lengri tíma.



VÍÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS